

Umhverfisnefnd Alþingis
Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. janúar 2009
2008120013/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna

Vísað er til bréfs frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 11. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 187. mál. Markmið og gildissvið framangreinds lagafrumvarps er fyrst og fremst að skýra réttindi og skyldur t.d. sveitarfélaga og landeigenda við uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir viðfrumvarpið eins og það liggur fyrir ef eingöngu er litið til uppbyggingu og rekstur fráveitna. Náttúrufræðistofnun bendir hins vegar á að í b lið 1. gr. frumvarpsins segir um markmið þess: að „tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið“.

Í lagatexta frumvarpsins er ekki fjallað frekar um það hvað það er við rekstur fráveitna sem gerir að frárennsli frá þeim muni hafa „sem minnst óæskileg áhrif á umhverfið“ þó gera megi ráð fyrir að þar sé átt við að þær séu til staðar. Í greinargerð með 2. gr. um gildissvið laganna segir að um hreinsunarkröfur, gæði og getu fráveitna svo og um skilgreiningu viðtaka gildi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegra að vísa beint í þau lög sem gilda um umhverfismál eða orða b lið með öðrum hætti því lögin fjalla eingöngu um rekstur og uppbyggingu fráveitna. Náttúrufræðistofnun bendir á að skoða þarf rekstur fráveitna í víðu samhengi t.d. skortir mjög á að skilgreina viðtaka s.s. strandsvæði m.t.t. náttúrufars og áhrifa þar á. Í kafla um gjaldtöku er hvergi minnst á að gjaldtaka taki einnig til kostnaðar vegna nauðsynlegra náttúrufarsrannsókna og vöktunar. Tímabært er að taka af allan vafa um að kostnaður við náttúrufarsrannsóknir og vöktun náttúrunnar eru hluti af nauðsynlegum rekstrarkostnaði mengunarvarna, s.s. fráveitna, ef hægt á að vera að sýna fram á árangur.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
Forstjóri

Trausti Baldursson

